



## Kerhólsskóli óskar eftir að ráða deildarstjóra í leikskóladeild

Kerhólsskóli óskar eftir að ráða deildarstjóra í leikskóladeild tímabundið í eitt ár vegna fæðingarorlofs. Möguleiki er á áframhaldandi starfi við Kerhólsskóla.

Vakin er athygli á stefnu Grímsnes- og Grafningshrepps um jafnan hlut kynja í störfum hjá sveitarfélaginu.

Kerhólsskóli er sameinaður leik- og grunnskóli með u.þ.b. 70 nemendum á aldrinum 1. árs upp í 10. bekk þar af eru 15 börn í leikskóladeild. Skólinn er Grænfánaskóli og leggur áherslu á fagleg vinnubrögð, einstaklingsmiðað nám, umhverfismennt, útikennslu og heilsueflingu. Leikskóladeildin vinnur auk þess út frá kenningum um „Flæði“. Kerhólsskóli er í u.þ.b. 15. mín akstursfjarlægð frá Selfossi.

**Deildarstjóri í 100% starf.** Deildarstjóri í leikskóladeild starfar eftir starfslýsingu deildarstjóra í leikskólum.

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Leyfisbréf til kennslu í leikskóla
- Góð færni í samskiptum
- Frumkvæði í starfi og faglegur metnaður
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Góð íslenskukunnátta
- Vilji til að gera góðan skóla betri

Umsækjendur þurfa að sýna fram á hreint sakavottorð.

**Umsóknarfrestur 30. desember 2022**

**Æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst.**

---

Nánari upplýsingar gefur Jóna Björg Jónsdóttir skólastjóri í síma 480-5520, 863-0463. Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila berist til skólastjóra, [jonabjorg@kerholsskoli.is](mailto:jonabjorg@kerholsskoli.is)